

Föstudagur, 30. ágúst 2002

187. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 28/2002

Kvörtun vegna meintrar mismununar af hálfu Rafiðnaðarsambandsins

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 27. nóvember 2001, frá félagsmanni Rafiðnaðarsambands Íslands og óskaði hann nafnleyndar, sbr. 7. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001. Í erindinu segir að um ýmsa valkosti sé að ræða fyrir þá sem hafa hug á að stunda nám í kvöldskóla í forritun og kerfisfræði. Háskólinn í Reykjavík (hér eftir HR) bjóði upp á tveggja ára nám með vinnu, þá sé hægt að fara í þriggja anna nám hjá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum (hér eftir NTV) eða tveggja ára nám við CTEC-deild Rafiðnaðarskólans. Að sögn kvartanda eru þetta allt saman áþekkt nám en þó sé mismunandi áhersla á faglega hlutanum hjá umræddum skólum. Loks segir að Rafiðnaðarsamband Íslands (hér eftir RSÍ) sé einungis tilbúið að styrkja félagsmann um 25% af námsgjaldi fari hann í CTEC-deild Rafiðnaðarskólans en kjósi hann hins vegar að fara í HR eða NTV geti félagsmaður fengið 10.000 kr. styrk úr tómsfundasjóði. Þetta fyrirkomulag finnst kvartanda óréttlátt og það hljóti að vera brot á samkeppnisreglum þar sem Rafiðnaðarskólinn hafi með þessum hætti náð markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir tölvunám.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til RSÍ, dags. 1. mars 2002, óskaði stofnunin eftir umsögn sambandsins vegna erindisins. Þá óskaði Samkeppnisstofnun eftir ýmsum upplýsingum og gögnum frá RSÍ. Umsögn RSÍ barst með bréfi, dags. 20. mars 2002.

Í umsögninni segir að það sé misskilningur að RSÍ eigi Rafiðnaðarskólann eða aðra skóla. Í sumum kjarasamningum, sem RSÍ hafi gert fyrir hönd aðildarfélaganna við fyrirtæki og samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, séu ákvæði um greiðslu 1%

gjalds í eftirmenntunarsjóði. Um sé að ræða fjóra sjóði, eftirmenntunarsjóði rafíðna, rafeindavirkja, tæknifólks í rafíðnaði og símsmiða. Hins vegar séu það ekki allir félagsmenn aðildarféлага RSÍ sem greiði í þessa sjóði. Í stjórnnum eftirmenntunarsjóðanna sitji fjórir menn, tveir fulltrúar frá fyrirtækjunum og jafnmargir frá launamönnum úr viðkomandi aðildarfélögum RSÍ. Að sögn RSÍ eru það þessir eftirmenntunarsjóðir sem eiga Rafíðnaðarskólann.

Því næst gerir RSÍ grein fyrir þeim skólum sem eru í eigu Rafíðnaðarskólans. Í Rafíðnaðarskólanum hafi verið CTEC-deild þar sem fram fer framhaldsnám á tölvusviði fyrir rafíðnaðarmenn. Þá á Rafíðnaðarskólinn VT-skólann og helmingshlut í Margmiðlunarskólanum á móti Prenttæknistofnun. Einnig eigi Rafíðnaðarskólinn 75% í Tölvuskóla Reykjavíkur á móti Eflingu. RSÍ sé með samning við ofangreinda skóla um afslætti fyrir sína félagsmenn, eins og fjölmörg önnur stéttarfélög og fyrirtæki. RSÍ segir félagsmenn í aðildarfélögum sambandsins geta fengið 10.000 kr. styrk úr félagssjóði til að sækja námskeið í þessum skólum sem og öðrum skólum. Þá sé ekki hægt að fá umræddan 10.000 kr. styrk vegna fagtengdra námskeiða Rafíðnaðarskólans, heldur gildi þar aðrar reglur.

Í umsögn RSÍ segir að meginhlutverk eftirmenntunarsjóða rafíðnaðarins sé að sjá til þess að á Íslandi sé viðunandi framboð á eftirmenntun og símenntun fyrir rafíðnaðarmenn. Í því augnamiði hafi sjóðstjórnirnar stofnað og rekið Rafíðnaðarskólann. Samkvæmt sumum kjarasamningnum RSÍ greiði launagreiðendur 1% af launum starfsmanna sinna í eftirmenntunarsjóði.

Jafnframt segir í umsögninni að stór hluti framlaga eftirmenntunarsjóðanna sé notaður til kaupa og þróunar nýrra námskeiða og til að afla kennslutækja og búnaðar þeirra vegna. Námskeiðsgjöld sjóðsféлага miðist við að duga fyrir rekstrarkostnaði námskeiðanna og þau fyrirtæki sem greiði í eftirmenntunarsjóði fái sérstaka afslætti á námskeiðum. Ekki hafi verið um að ræða úthlutanir úr umræddum sjóðum heldur sé þeim félagsmönnum sem greiði í sjóðina veittur sérstakur afsláttur.

Einnig segir RSÍ að Rafíðnaðarskólinn hafi einn eða í samvinnu við aðra haldið almenn tölvunámskeið sem séu opin öllum og verðlagning þeirra miðist við að þau standi undir sér. RSÍ segir afslætti á almenn tölvunámskeið geta verið mjög mismunandi og miðist þeir við umfang viðskipta og aðra viðskiptavild. Þessi almennu tölvunámskeið hafi verið flutt yfir í Tölvuskóla Reykjavíkur og að sögn RSÍ njóta félagsmenn RSÍ þar sömu kjara og félagsmenn þeirra stéttarféлага sem hafa gert samning við skólann. Þeir rafíðnaðarmenn sem vilji sækja fagnámskeið og nýttækinnámskeið erlendis geti sótt um ferðastyrk í þann eftirmenntunarsjóð sem viðkomandi greiðir í, þ.e. ef finnast ekki sambærileg námskeið hérlendis.

Þá segir í umsögn RSÍ:

„Rafiðnaðarskólinn hefur á síðustu árum boðið upp á námskeið á sviði net- og kerfisstjórnunar enda vinna stöðugt fleiri rafiðnaðarmenn á þessu sviði, þessi námskeið eru rekin í svokallaðri CTEC-deild. Rafiðnaðarskólinn hefur lagt verulega mikla fjármuni í þróun, tækjakaup og menntun kennara vegna þessa náms. Nú síðustu misserin hafa skólar sem reknir eru að mestu fyrir almannafé farið inn á þessa sömu braut og hafa getað boðið mun lægri námsvistargjöld en Rafiðnaðarskólinn, hér má t.d. nefna Háskólann í Reykjavík, dæmi eru um að rafiðnaðarmenn sem sótt hafa þetta nám sæki um styrk til eftirmenntunarsjóðanna og hefur þeim verið hafnað.“

Loks segir að nám það sem fram fer í Rafiðnaðarskólanum sé öllum opið sem hafa þá þekkingu sem nauðsynleg er til að hafa gagn af náminu. RSÍ segir skólann rekinn í þágu rafiðnaðarmanna og rafiðnaðarfyrirtækja. Skólanum hafi ekki verið ætlað að skila arði til eigenda sinna en að sjálfsögðu verði hann að hafa fyrir kostnaði til lengri tíma.

2.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 26. mars 2002, var kvartanda gerð grein fyrir því mati stofnunarinnar að álitæfni það sem hann bar upp falli utan gildissviðs samkeppnislaga nr. 8/1993. Var kvartanda gefinn kostur á að koma að andmælum vegna afgreiðslu erindisins. Þann 4. apríl 2002 barst bréf frá kvartanda þar sem hann gerir athugasemdir við afgreiðslu erindisins og óskar eftir að málið verði afgreitt með ákvörðun samkeppnisráðs.

III.

Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 30. ágúst 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu er til skoðunar hvort að sú tilhögun eftirmenntunarsjóða rafiðna, rafeindavirkja, tæknifólks í rafiðnaði og símsmiða að gefa eingöngu afslátt eða styrk vegna fagnámskeiða sem kennd eru í Rafiðnaðarskólanum en ekki vegna náms sem kennt er í öðrum skólum brjóti í bága við samkeppnislög nr. 8/1993.

2.

Í 1. og 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga er fjallað um gildissvið samkeppnislaga nr. 8/1993. Í 1. mgr. 2. gr. laganna segir að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Í umsögn RSÍ kemur fram að

Rafiðnaðarskólinn er ekki í eigu RSÍ heldur fjögurra eftirmenntunarsjóða. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að Rafiðnaðarskólinn stundar atvinnurekstur en skv. 2. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er atvinnurekstur hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi. Sú þjónusta sem Rafiðnaðarskólinn býður upp á er kennsla í tölvunámi af ýmsum toga og þjónustu þessa býður skólinn gegn ákveðnu endurgjaldi.

3.

Í 2. mgr. 2. gr. segir að samkeppnislögin taki ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum. Að mati samkeppnisráðs snýst mál þetta um það hvort afsláttur sem félagsmenn RSÍ, sem greiða í eftirmenntunarsjóði skv. kjarasamningi, fá af gjöldum vegna fagnámskeiða, sem kennd eru í Rafiðnaðarskólanum, falli undir 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Í umsögn RSÍ kemur fram, eins og áður segir, að Rafiðnaðarskólinn sé í eigu fjögurra eftirmenntunarsjóða. Tekjur þessara eftirmenntunarsjóða eru til komnar vegna kjarasamningsbundins ákvæðis. Í 12. kafla kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins og samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði annars vegar og RSÍ vegna aðildarfélaga hins vegar er samið um að vinnuveitendur greiði 1% af kaupum til viðkomandi eftirmenntunarsjóðs. Í umsögn RSÍ kemur fram að ekki greiði allir félagsmenn aðildarfélaga RSÍ í þessa sjóði. Að sögn RSÍ greiða þessir sjóðir ekki út fræðslustyrki eða námsstyrki. Meginhlutverk eftirmenntunarsjóðanna er að sjá til þess að á Íslandi sé viðunandi framboð á eftirmenntun og símenntun fyrir rafiðnaðarmenn. Stór hluti framlaga eftirmenntunarsjóðanna er notaður til kaupa og þróunar nýrra námskeiða og til að afla kennslutækja og búnaðar þeirra vegna. Námskeiðagjöld hafa miðast við að nægja fyrir rekstrarkostnaði námskeiðanna að sögn RSÍ. Þeir félagsmenn sem greiða í eftirmenntunarsjóð njóta sérstakra afslátta í Rafiðnaðarskólanum hyggist þeir sækja þangað svokölluð fagtengd námskeið.

Réttindi og skyldur félagsmanna í stéttarfélagi eru margs konar. Hluti af réttindum hins almenna félagsmanns er réttur á styrkjum úr sjóðum félagsins svo sem nánar er kveðið á um í reglum sjóðanna. Þessir sjóðir eru m.a. félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofssjóður og nokkur stéttarfélög hafa samið um það í kjarasamningum að atvinnurekendur greiði tiltekið gjald í fræðslusjóð. Framangreindir sjóðir teljast til annarra starfskjara launafólks¹, þ.e. þeir teljast ekki til eiginlegra launa skv. hefðbundinni skilgreiningu þess hugtaks heldur er hér um að ræða annars konar starfskjör launþega. Eins og fyrr segir er í kjarasamningi RSÍ ákvæði um svokallað eftirmenntunargjald. Að mati samkeppnisráðs er afslátturinn, sem þeim félagsmönnum er greiða í eftirmenntunarsjóðina fá, hluti af „öðrum starfskjörum“ þeirra samkvæmt kjarasamningi.

¹ Um félagssjóð og sjúkrasjóð er m.a. fjallað í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980.

Að teknu tilliti til þessa er það mat samkeppnisráðs að umræddur afsláttur sem félagsmenn RSÍ, sem greiða í eftirmenntunarsjóði skv. kjarasamningi, fá af gjöldum vegna fagnámskeiða í Rafiðnaðarskólanum falli utan gildissviðs samkeppnislaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Máli þessu er vísað frá samkeppnisráði.“